

## Foreldraráðsfundur í Garðaseli 16. janúar 2020

Mættir : Hafdís Guðmundardóttir, Hjördís Garðarsdóttir, Ragnheiður Brynjólfsdóttir og Svala Ýr Smáradóttir.

Skólastjóri, Ingunn Ríkhardsdóttir

### 1. Fjárhagsáætlun 2020

Fjárhagsáætlun liggur fyrir en nokkra fjárhagsliði á eftir að skoða frekar. Áætlun gerir ráð fyrir svipuðum rekstri og hefur verið undanfarið. Hækkun liða nemur að jafnaði 2.5 % eins og verðlagsspár gefa út.

### 2. Nýr leikskóli – staða mála

Farið var yfir verkferill sem kominn er og þann 13. Janúar sl. samþykkti skipulagsráð útboð skv. rammisamningi Ríkiskaupa. Foreldrar verða upplýstir eins og hægt er um ákvarðanir hverju sinni en gert er ráð fyrir að skólinn opni í ágúst 2021.

### 3. Breytingar í starfsmannahaldi

Nokkrar breytingar hafa orðið síðustu mánuði á starfsmannahaldi. Margrét Ósk, sem kom í afleysingar 1. október lét af störfum að eigin ósk um áramótin. Bertha María kom inn um miðjan nóvember tímabundið en hún verður áfram í afleysingum eða tilfallandi verkefnum. Ákveðið var að bæta í starfsmannahaldið og er það innan heimildar skólans – Sigríður Ylfa Arnarsdóttir, 22 ára, kemur inn um mánaðamótin janúar -febrúar í síðasta lagi. Hún verður einnig í afleysingum og tilfallandi verkefnum. Þá verður vonandi komið smá súrefni í starfsmannahaldið aftur.

### 4. Vinnustaðagreining – niðurstöður

Vinnustaðagreining var gerð á vegum Gallup fyrir Akraneskaupstað og tóku starfsmenn stofnana / vinnustaða sömu könnunina sem var gerð í október sl. Leitað er eftir starfsánægju, viðhorfi til starfsins og vinnustaðar, til Akraneskaupstaðar sem vinnuveitanda.

Niðurstöður sýna mikinn styrkleika í Garðaseli og mikilvægt að hafa fókusinn á styrkleikum um leið og það sem þarf að skoða sé rætt og leiðir fundnar til úrbóta. Minna mál er að styrkja það sem er á færi skólans að laga en ef leita þarf út fyrir skólann með lausnir þarf einnig að gera það.

### 5. Sumarlokun 2020

Á fundi skóla- og frístundasviðs 21. Janúar 2020 verður fjallað um sumarlokun leikskólanna og ákvörðunar að vænta. Forsendur fjárhagsáætlunar gerir ráð fyrir 4 vikna sumarlokun. Umræður spunnust um sumarlokanir og erfiðleika foreldra oft og tíðum á sínum vinnustöðum vegna þessa. Foreldraráð hvetur til þess að viðhorfskönnun um heppilegasta lokunartímann verði gerð hið fyrsta og ekki síður en um mánaðamótin janúar -febrúar. Skólastjóri ræðir um áreiðanleika slíkrar könnunar svona snemma en senda má könnun út og hafa hana opna t.d fram í miðjan mars.

### 6. Árganganámskrár 2 -3ja ára barna

Árganganámskrá 2ja ára barna lögð fram og hugmyndin að baki þessum námskrám kynnt.

Aðrar umræður

#### Karellen

- varðandi skráningu á svefni og máltíðum á Holti / verður komið áleiðis til deildarstjóra
- myndir á Karellen – misjafnt á milli deilda / verður rætt við deildarstjóra
- virkni skilaboða - ekki í lagi hjá öllum. Skólastjóri biður um að foreldrar sendi tölvupóst þar sem vandamálin eru útskýrð og þeim verður komið áfram á Karellen

Fundi slitið kl: 18.30.

Fundargerð ritaði Ingunn Ríkhardsdóttir skólastjóri